



## 18. stjórnarfundur LH

Haldinn í ÍSÍ 3. mars 2016 kl. 15:30

**Mættir úr aðalstjórn:** Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Eyþór Jón Gíslason ritari, Haukur Baldvinsson, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Stella Björg Kristinsdóttir

**Mættir úr varastjórn:** Helga Björg Helgadóttir, Hrönn Kjartansdóttir, S. Rúnar Bragason

**Fjarverandi:** Rúnar Þór Guðbrandsson, Petra Kristín Kristinsdóttir

Fundargerð ritaði: Hilda Karen Garðarsdóttir

- Fundargerðir 15., 16., og 17. fundar lagðar fram til samþykktar** – fundarmenn skoða fundargerðir og hafa fram til 7. mars að koma með athugasemdir. Að öðrum kosti teljast fundargerðirnar samþykktar og verða birtar á þriðjudagsmorgun 8. mars.
- Landsmót hestamanna 2020 og 2022, ákvörðun um staðarval** - Umræðan um Landsmótin, umsóknirnar, kynningar umsækjenda og landsmótsstaðina var góð og málefnaleg. Allir stjórnarmenn og varastjórnarmenn tóku virkan þátt í henni. Það er að mörgu að huga og marga þætti þarf að veða og meta á hverjum stað umsækjenda um Landsmót. Eftir miklar umræður var ekki einhugur meðal stjórnarmanna um úthlutun LM 2020 og 2022. Málið var leitt til lykta með lokaðri atkvæðagreiðslu með þeirri niðurstöðu að úthluta skyldi mótinu 2020 til Rangárbakka og mótinu 2022 til Spretts.
- Skógarhólar** – JDB leiddi umræðu um Skógarhóla, þar sem hún lýsti áhyggjum sínum og félagi síns Sæmundar Eiríkssonar í samgöngunefnd LH á því að hætta væri á að missa Skógarhóla frá LH ef ekki yrði farið í uppbyggingu á húsinu og svæðinu í kring. SE bauðst til að teikna upp húsið og svæðið á Skógarhólum fyrir LH í sjálfboðavinnu. Það framlag ber að þakka fyrir. Stjórn átti góða umræðu um þetta mál og samþykkt var að gera fimm ára áætlum fyrir staðinn, hvað uppbyggingu varðar. Einnig samþykkt að halda áfram með hugmyndina um stofnun Hollvinasamtaka Skógarhóla.
- Önnur mál**
  - Sumarstarfsmaður** – Vera Vilhjálmsdóttir hafði samband við LÁH og sagðist vera laus um miðjan maí í skólanum og tilbúin að koma til vinnu þá ef vilji væri fyrir því. Stjórn samþykkti það einróma.
  - Styrkbeiðni vegna sýningarinnar Æskan og hesturinn** - Samþykktur styrkur 60.000 kr. Einnig samþykkt að veita sömu upphæð í styrk fyrir Æskan og hesturinn á Norðurlandi.
  - Heimur hestsins** – JDB fékk fyrirspurn hvort LH myndi vilja gefa 20 bækur til starfs fatlaðra í hestamannafélaginu Herði. Samþykkt.

*Ekki fleira fært til bókar. Fundi slitið kl. 17:48*